

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 464/2010, um línuívilnun.

#### 1. gr.

2. tl. 1. gr. orðist svo:

Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 11. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 2010.*

F. h. r.

**Hrefna Gísladóttir.**

*Kristján Freyr Helgason.*